



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu:

Lagt er til að gjaldskrá stuðningsfjölskyldna hækki miðað við launavísitölu.

Greinargerð:

Á árinu 2017 var gjaldskrá hækkuð um 88% til að stuðla að fjölgun stuðningsfjölskyldna. Gjaldskrárbreyting á árinu 2018 tók mið af verðlagsforsendum og hækkaði um 2,7%. Á árinu 2019 var hækkunin 6% og var miðað við launavísitölu.

Á árinu 2017 fjölgaði börnum sem fengu stuðningsfjölskyldur um 21% eða 57 börn og á árinu 2018 var fjölgunin 7% eða 23 börn.

Forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar leggja til 2,5% hækkun á allar gjaldskrár. Hér er þó lagt til að hækka gjaldskrá stuðningsfjölskyldna fyrir árið 2020 um 4,2% sem miðar að við launavísitölu sl. 12 mánaða.

Áætlaður kostnaðarauki umfram verðbætur sem eru 2,5% nemur um 4 m.kr. og rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs.

Lagt er til að framvegis verði gjaldskrá stuðningsfjölskyldna miðuð við launavísitölu og muni breyting taka gildi 1. janúar ár hvert.